

AUGLÝSING

um staðfestingu á verklagsreglum Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt.

Með vísan til 3. mgr. gr. 6.3., sbr. gr. 4.5., í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar dags. 25. janúar 2007, með áorðnum breytingum, sbr. 30. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, hefir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 2010.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.

Fylgiskjal.

Verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um styrki til stuðnings við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í sauðfjárrækt.

1. gr.

Samkvæmt grein 4.5 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar 2008-2015, frá 25. janúar 2007 og breytingu frá 18. apríl 2009, skal veita fjármunum árlega á gildistíma samningsins til að styðja kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í greininni t.d. vegna gæðastýringar og lífrænnar framleiðslu. Fjármunirnir eru hluti af liðnum „Nýliðunar- og átaksverkefni“ í samningnum og miðast við 37,5% af fjárhæð hans eins og hún er hverju sinni.

2. gr.

Stjórn Bændasamtaka Íslands úthlutar styrkjum samkvæmt 1. gr. eftir umsóknum þar um. Stjórnin skal leita umsagnar fagráðs í sauðfjárrækt um allar umsóknir sem henni berast skv. reglum þessum. Stjórninni er óheimilt að afgreiða umsókn ef umsögn fagráðs liggur ekki fyrir.

3. gr.

Umsækjendur geta verið einstaklingar, rannsóknarhópar, háskólar, rannsóknarstofnanir og/eða fyrirtæki. Umsóknum skal skila til skrifstofu Bændasamtaka Íslands, á sérstökum eyðublöðum sem samtökin láta í té.

Umsókn skal fylgja eftirfarandi:

- a. Listi yfir alla sem aðild eiga að verkefninu.
- b. Yfirlit um tilgang og markmið verkefnis þ.m.t. rökstuðningur fyrir því hvernig það fellur að þeim markmiðum sem tilgreind eru í 1. gr. og hvernig það gagnast íslenskri sauðfjárrækt að öðru leyti.
- c. Tímaáætlun verkefnisins og helstu áfanga þess.
- d. Fjárhagsáætlun verkefnisins í heild.
- e. Upplýsingar um hvernig niðurstöður verkefnisins verða kynntar.

4. gr.

Áður en styrkur greiðist út skal umsækjandi staðfesta að fjármögnun verkefnisins í heild hafi verið tryggð, sbr. d-lið 4. gr.

Greiða má allt að 50% af samþykktu framlagi til umsækjanda þegar verkefni er sannanlega hafið. Eftirstöðvar má greiða þegar loka- eða áfangaskýrslu hefur verið skilað og hún samþykkt í fagráði í sauðfjárrækt. Stjórn BÍ er þó heimilt að víkja frá þessu ef eðli verkefnisins krefst þess.

5. gr.

Styrkþegar skulu skila skýrslu um verkefnið til fagráðs í sauðfjárrækt eigi síðar en 6 mánuðum eftir að því lýkur. Sé verkefnið til lengri tíma en eins árs skal skila árlegri áfangaskýrslu. Í skýrslunni skal lagt mat á framgang verkefnisins og hverju það hafi skilað fyrir sauðfjárræktina í heild.

6. gr.

Bændasamtök Íslands skul árlega skila yfirliti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um heildarfjárhæðir greiddra framlaga skv. reglum þessum, sbr. grein 6.3 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar. Fjárhæðir skulu sundurliðaðar milli verkefna eða viðfangsefna sem fengið hafa framlög.

7. gr.

Styrkjum er úthlutað tvisvar á ári. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út 1. apríl að vori og 1. október að hausti. Bændasamtök Íslands skulu auglýsa eftir umsóknum. Umsóknir sem berast eftir að frestur rennur út má taka fyrir við næstu úthlutun, en heimilt er að óska eftir því að umsækjandi staðfesti þær.

8. gr.

Styrkveitingar til verkefna þar sem ekki tekst að uppfylla skilyrði 4. gr. innan 12 mánaða frá því að stjórn Bændasamtakanna samþykkir fyrirheit um styrk, falla niður.

9. gr.

Bændasamtök Íslands geta krafist umsækjendur um endurgreiðslu, hafi þeir fengið styrki skv. reglum þessum en uppfylla ekki skilyrði þeirra um skýrsluskil, sbr. 5. gr., eða önnur skilyrði sem þær tilgreina. Endurgreiðslan skal vera verðtryggð.

10. gr.

Verklagsreglur þessar eru settar samkvæmt grein 6.3 í samningi um starfsskilyrði sauðfjárræktar frá 25. janúar 2007 og breytingu á honum frá 18. apríl 2009. Reglurnar öðlast gildi að fenginni staðfestingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og gildistími þeirra er sá sami og samningsins. Almenn ákvæði samningsins gilda um þá fjármuni sem ráðstafað er samkvæmt reglunum, eftir því sem við á.